

ins að dæma stefnanda til þess að greiða stefndum málskostnað í máli þessu, er þykir hæfilega ákveðinn 100 krónur.

Dómur hefir ekki verið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú vegna anna dómarans, enda málið talsvert umfangsmikið.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndir, Gunnar Ólafsson, Jóhann Þ. Jósefsson og Sig. Gunnarsson f. h. firmans Gunnar Ólafsson & Co, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Ólafs Auðunssonar f. h. Ísfélags Vestmannaeyja h/f, í máli þessu.

Framangreind ummæli stefnds Gunnars Ólafssonar skulu dauð og ómerk, og greiði hann (G. Ó.) 30 króna sekt til bæjarsjóðs Vestmannaeyjakaupstaðar, og komi 3ja daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreind ummæli umboðsm. stefnanda, Guðm. Guðmundssonar lögfr., skulu vera dauð og ómerk.

Stefnandi, Ólafur Auðunsson f. h. Ísfélags Vestmannaeyja h/f, greiði stefndu 100 krónur í málskostnað innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. febrúar 1938.

Nr. 81/1937. **Réttvísinn** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Hannesi Hanssyni og

Ögmundi Friðriki Hannessyni

(Eggert Claessen).

Ólögleg meðferð fundins fjár.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í föllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Það er sannað með játningu ákærða Ögmundar Friðriks Hannessonar og skýrslum vitna, að þann

4. apríl 1936 dró hann innbyrðis á v/b „Vinur“ V. E. 17, sem var eign föður hans, meðákærða Hannesar Hanssonar, 7 net tilheyrandi v/b „Von“ V. E. 279. Skar hann og lét skera merktu steina af 4 netja þessara og skeytti þeim í netjatrossu föður síns í þeim tilgangi, að þau yrðu hans eign. En þremur af netjum þessum skilaði faðir hans eiganda þeirra daginn eftir. Ennfremur er það með sama hætti sannað, að ákærði Ögmundur dró þann 19. apríl 1936 innbyrðis í áðurnefndan bát föður síns 5—6 net tilheyrandi v/b „Geir goði“ V. E. 10 og fór með þau á sama hátt sem netin 4 frá v/b „Von“. Hvorug netja þessara lágu við dufl eða annað merki. Með þessum verknaði sínum hefir ákærði Ögmundur gerzt sekur við 249. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 25 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Það er ekki sannað, að ákærði Hannes Hansson, sem var formaður á v/b „Vinur“ og í róðri þann 4. apríl 1936, hafi þá fengið vitneskju um meðferð meðákærða Ögmundar á netjunum 4, sem áður getur. Ennfremur má telja það sannað, að ákærði Hannes hafi verið í landi sakir sjúkleika þann 19. apríl 1936, er ákærði Ögmundur dró inn netin frá v/b „Geir goði“. Verður ákærði Hannes því ekki gerður ábyrgur til refsingar um meðferð ákærða Ögmundar á netjunum. Hinsvegar hefir ákærði Hannes játað það, að honum hafi síðar, er hann at- hugaði net sín, orðið það ljóst, að meðal þeirra hafi verið net, er hann ekki átti. Hagnýtti hann sér þó þessi net án þess að lýsa þeim eða gera að öðru leyti gangskör að því, að þau kæmst til réttra eigenda, sem honum bar þó skylda til. Með þessum hætti

hefir ákærði Hannes einnig gerzt sekur við 249. gr. almennra hegningarlaga.

Þá er ákærði Hannes loks dæmdur til refsingar í hinum áfrýjaða dómi fyrir aðtekt á segli einu til heyrandi vélbát einum, er „Stakkur“ nefnist. Vorið 1931 var bátur þessi, ásamt húseign einni, „Sævarbrún“ nefndri, og v/b „Undínu“, sem nú heitir „Vinur“ V. E. 17, meðal eigna dánarbús nokkurs í Vestmannaeyjum. V/b „Úndína“ og húseignin sýnast hafa verið lagðar útibúi Útvegsbankans í Vestmannaeyjum út sem ófullnægðum vaðhafa á uppboði 5. eða 6. júní 1931, og v/b „Stakkur“ virðist og um sama leyti hafa verið útlagður öðrum veðhafa með sama hætti. Skömmu áður, 29. maí 1931, samdi ákærði Hannes við téð útibú um kaup á húseigninni og v/b „Undína“, og sýnast þau kaup hafa fullgerzt eftir uppboðið. Þegar uppboðið var haldið, var framannefnt segl í húsinu, og tjáist ákærði þá hafa spurt uppboðshaldara, hvort það skyldi selja, en hann hafi svarað neitandi, því að það „fylgdi bátinum“. Tjáist ákærði hafa skilið þetta svo, að seglið fylgdi v/b „Undína“, enda hafi ekkert annað nothæft segl verið þar í húsinu. Uppboðshaldarinn, sem aðeins hefir verið spurður utanréttar um þetta, kveðst ekkert muna um atvik þetta, og forstjóri útibúsins tjáist ekki hafa heimilað ákærða seglið. Hins vegar hefir eigandi v/b „Stakks“, er siðar varð, alls ekki gert tilkall til seglsins. Seglið reyndist of lítið á v/b „Undína“, og létu menn ákærða, að því er virðist, sumarið 1931 stækka það, meðan ákærði lá sjúkur á spítala þar í Eyjunum. Og sést ekki, að seglmáli þessu hafi verið hreyft til opinberrar rannsóknar fyrr en nálægt 5 árum síðar, er þetta mál hófst. Það verður ekki talið, að næg gögn séu fram komin fyrir

því, að ákærði hafi lagt eign sína á seglið gegn vitund um annars manns betri rétt til þess, og verður því að sýkna hann af þessu kæruatriði.

Fyrir meðferð sína á netjum þeim 9 eða 10, sem ekki var skilað og að framan er lýst, þykir refsing ákærða Hannesar með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna og því, að hann sat í gæzluvarðhaldi frá 23. maí 1936 til 6. júlí s. á., hæfilega ákveðin 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Framkvæmd refsingar beggja hinna ákærðu þykir mega fresta og niður skal refsing hvors hinna ákærðu falla að 5 árum liðnum, ef hann heldur skilorð laga nr. 39/1907.

Eins og fyrr var sagt, voru net þau af v/b „Von“, sem ekki var skilað, 4. Er hvert þeirra talið 50 króna virði. Verður því að færa skaðabótakröfu Vigfúsar Jónssonar á hendur ákærða Hannesi niður í 200 krónur.

Ákvæði héraðsdómsins um málskostnað þykir mega staðfesta. Svo verður og að dæma hina ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Hannes Hansson og Ögmundur Friðrik Hannesson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, hinn fyrrnefndi 15 daga og hinn síðarnefndi 25 daga, en fresta skal framkvæmd refsingar hvors þeirra og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef hann heldur skilorð laga nr. 39/1907.

Ákærði Hannes Hansson greiði 200 krónur í skaðabætur til Vigfúsar Jónssonar.

Málskostnaðarákvæði héraðsdómsins á að vera óraskað. Hinir ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Eggerts Claessen, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 8. apríl 1937.

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvisinnar gegn þeim Hannesi Hanssyni útvegsmanni, til heimilis Urðaveg 17 hér í bænum, og Ögmundi Friðrik Hannessyni sjómanni, til heimilis s. st., fyrir brot gegn 23. kapitula og 25. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, og enn fremur gegn ákærðum Hannesi Hanssyni fyrir brot gegn 26. kapitula hinna almennu hegningarlaga.

Málavextir eru sem hér segir:

Það er upplýst í máli þessu með framburði hinna ákærðu og með framburði vitna, að snemma í s. l. aprílmánuði, en ekki upplýst hvaða dag, en af ákærðum talið hafa verið þann 4. apríl f. á., er v/b Vinur V. E. 17, eign Hannesar Hanssonar, og sem hann var þá skipstjóri á, var í fiskróðri og var að draga þorskanet sín, voru dregin um borð í bátinn þorskanet, sem sást af merkjum á, að tilheyrðu v/b Von V. E. 279. En net þau, sem skipshöfnin á v/b Vin var þá að draga, höfðu verið slædd upp, þar eð þau voru hluti af netatrossu, sem hafði slitnað frá aðaltrossunni, er byrjað var að draga hana. Ákærður Ögmundur Friðrik Hannesson var þá háseti á v/b Vin og var við vindu þá, sem netin voru dregin á. Net þau frá v/b Von, sem þannig komu

þá upp, flækt saman við net ákærða, voru hluti af neta-trossu, sem slitnað hafði frá trossu v/b Von nokkrum dögum áður, er verið var að draga trossuna, og var stjóri á öðrum enda trossunnar (þeim endanum, sem ekki kom upp, er netin voru dregin), og vegna þess, svo og vegna þess, að bátur ákærðs var hlaðinn, var trossuhluti þessi ekki dreginn allur um borð í v/b Vin, en það, sem eftir var af trossunni í sjó, er dregið hafði verið þannig af trossunni, að bein uppistaða var frá stjóra, það sem eftir var af net-unum í sjó, var það (sic) skorið frá og dufl sett á það, og var steinateinn af neti eða netum, sem dregin höfðu verið, notaður sem sem duflfæri. Skipshöfnin á v/b Von náði síðar upp því, sem skilið hafði verið eftir af trossunni, og reyndist það vera 3 net. Sama daginn og umrædd net voru dregin um borð í v/b Vin, skiluðu ákærðir til eigenda v/b Vonar, Vigfúsar Jónssonar útgerðarmanns, þrem netum eftir því sem Vigfús hefir borið. En formaðurinn á v/b Von, Guðmundur Vigfússon, hefir borið, að það hafi aðeins verið 2—2½ net. Hann kveðst þó ekki hafa athugað það sjálfur, heldur netamenn hans, en þeir voru farnir úr bænum, er rannsókn málsins fór fram, og voru þeir því ekki yfir-heyrðir um þetta. Framburður ákærða Ögmundar Friðriks Hannessonar er í samræmi við þennan framburð vitnisins, en ákærður Hannes Hansson heldur fram, að skilað hafi verið þrem netum.

Ákærður Ögmundur Friðrik Hannesson hefir játað, að auk þeirra neta, sem þannig var skilað til eigandans, hafi við umrætt tækifæri verið dregin um borð í v/b Vin net, sem ekki hafi verið skilað, og sem hann hefir játað að hafa skorið og látið skera steinana af vegna þess, að þeir voru merktir, og látið setja nýja steina á þau og bætt þeim í netatrossu föður síns, ákærðs Hannesar Hanssonar, og lagt þau með netum hans. Hann hefir og játað, að það hafi verið ætlun hans að taka net þessi endanlega til notkunar án þess að skila þeim til eigandans. Hann kveðst ekki muna fyrir vist, hve mörg net þau voru, sem hann tók þannig til notkunar, en heldur fram, að sig minni, að þau hafi verið 2—3. 3 menn, sem voru hásetar á v/b Vin á umræddum tíma, þeir Freymundur Fannberg Jóhannsson, Stefán Þorbjórns-son og Anton Guðjónsson, hafa borið sem vitni í málinu, að 7 net alls hafi verið dregin um borð í bátinn við umrætt

tækifæri, og hafi þrem netum verið skilað, en 4 tekin til notkunar af ákærðum. En vitnið Kristinn Júlíus Jóhannsson, sem var stýrimaður á v/b Vin á umræddum tíma, og sem einnig hefir borið, að umrædd net hafi verið dregin um borð í v/b Vin, gat ekki sagt um, hve mörg netin voru. En eigandi v/b Vonar, fyrrnefndur Vigfús Jónsson, og skipstjórinn á v/b Von, Guðmundur Vigfússon, telja, að net þau, sem tekin voru til notkunar á v/b Vin, hafi verið 5, þar eð af trossu þeirri, sem þau voru úr, hafi alls verið ódregið, er hún slitnaði í sundur, 11 net, en þar af hafi verið skilað 2—3 netum, en vitnið Guðmundur Vigfússon hefir borið, að er hann náði upp þeim hluta trossunnar, sem ákærðir skildu eftir í sjó, hafi það reynzt vera 2½ net. Ákærður Ögmundur Friðrik Hannesson fortækur ekki, að net þessi hafi verið 4, og eftir því sem upplýst er í málinu, verður að telja sannað, að net þessi hafi ekki verið færri en 4.

Þá hefir ákærður Ögmundur Friðrik Hannesson og játað, að um miðjan aprilmánuð f. á., er hann var í fiskiróðri á m/b Vin að draga þorskanet föður síns inn í bátinn, hafi komið upp með þeim 5—6 þorskanet, sem ekki tilheyrðu þeim bát (það er, voru ekki eign ákærðs Hannesar Hanssonar), og hafi steinarnir á þeim verið merktir með tölunni „10“, og kveðst ákærður því hafa gert ráð fyrir, að þau væru frá v/b Geir goða V. E. 10.

Ákærður (Ö. F. H.) hefir játað að hafa dregið öll þessi net um borð í v/b Vin, skipt um steina á þeim til þess að þau þekktust ekki og því næst lagt þau með netum föður síns, og hafi aðrir skipsmenn aðstoðað hann við þetta. Hann hefir og játað, að það hafi verið ætlun hans að taka net þessi endanlega til notkunar án þess að skila þeim til eiganda þeirra.

Þessar játningar ákærðs Ö. F. H. koma heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Ákærður Hannes Hansson hefir borið, að hann hafi sjálfur skilað Vigfúsi Jónssyni þeim netum, sem honum var skilað við umrætt tækifæri, og hefir hann eindregið haldið fram, að hann hafi þá ekki orðið var við eða vitað um, að meira af netum frá v/b Von hefði verið dregið um borð í bát hans en þau, sem hann skilaði þannig, og sem hann heldur fram, að hafi verið 3 net heil og auk þess kúluteinn

og riðill af neti eða netum, sem steinateinarnir hafi verið skornir af til þess að nota hann sem duflfæri á það, sem skilið var eftir í sjó af umræddum netum. En hann hefir játað, að hann hafi daginn eftir, er sú netatrossa hans, sem var á þeim slóðum, sem netin frá v/b Von voru dregin, var dregin, hafi hann orðið þess var, að í henni voru net, sem hann átti ekki, og hafi þau verið í miðri trossu hans, sem hafði slitnað daginn áður. Hann kveðst hafa talið vist, að net þessi væru af netum þeim, sem daginn áður höfðu verið dregin um borð í v/b Vin, og kveður sér hafa virzt net þau, sem þannig voru komin í trossu hans, og sem hann átti ekki, vera 3, en hann kveðst ekki hafa athugað það nákvæmlega og kveður vel mega vera, að þau hafi verið 4. Hann hefir og játað að hafa notað net þessi framvegis og ekki sagt eiganda þeirra frá þeim og hefir kannast við, að skipstjórinn á v/b Von hafi einu sinni átt tal um þetta við hann á þann hátt, að hann hafi heyrt á formanninum, að hann gerði ráð fyrir, að ákærður hefði ef til vill dregið meira af umræddum netum en hann hafi skilað. Hann hefir eindregið neitað, að hann hafi gefið nokkrar fyrirskipanir um, að net þessi skyldu tekin til notkunar á bát hans, eða að það hafi verið gert í samráði við hann. Hann heldur og fram, að hann muni ekki eftir að hafa átt nokkurt tal um þetta við skipsmenn sína, hvorki meðákærðan Ögmund Friðrik né aðra, eftir að hann varð netanna var, en kveður vel mega vera, að hann hafi talað eitthvað um þetta við þá eða einhverja þeirra.

Að því er framangreind net frá Geir goða v/b snertir, þá hefir Hannes Hansson eindregið haldið því fram, að hann hafi ekki vitað um, er þau voru dregin um borð í bát hans. Hann kveðst ekki hafa farið sjálfur með í einn fiskróður, sem bátur hans fór í, um það leyti, sem upplýst er, að net þessi voru dregin um borð í bát hans, en hafi verið í landi vegna veikinda og heldur fram, að þau hljóti að hafa verið dregin þann dag, sem hann var þannig ekki á bátnum sjálfur. Hann kveður sér hafa virzt, eftir að hann hafði þannig verið í landi einn róður, að mundu vera net í einni trossu hans, sem hann ætti ekki, þannig að honum hafi virzt vera meira af netum með kúluteinum með kaðli en eðlilegt var, miðað við það, sem hann hafði áður átt af slíkum netum, en hann kveðst hafa átt lítið af slíkum net-

um. Hann heldur fram, að hann hafi þó ekki athugað, hve mikið af slíkum netum var á meðal neta hans um fram það, sem hann átti sjálfur, og hefir eindregið haldið fram, að hann hafi ekki talað um þetta við neinn af skipshöfn sinni, hvorki ákærðan Ögmund Friðrik né aðra. En hann hefir játað, að honum hafi verið ljóst, að net þau, sem honum virtust þannig á umræddum tíma vera í trossu hans, og sem hann ætti ekki sjálfur, mundu vera til komin á einhvern slíkan hátt sem nú er upplýst um með framburði ákærðs Ögmundar Friðriks og framburðum vitna.

Að því er framangreind net frá v/b Von snertir, þá hefir ákærður Ögmundur Friðrik haldið því fram, að það hafi ekki verið eftir neinni fyrirskipun frá ákærðum Hannesi né í samráði við hann, að hann tók net þessi til notkunar, og að hann hafi ekki átt neitt tal um þetta við ákærðan Hannes áður en hann gerði það né eftir það, svo hann muni eftir.

Vitnið Stefán Þorbjörnsson, sem var háseti á v/b Vin á umræddum tíma, hefir borið, að hann hafi ekki heyrt ákærðan Hannes gefa neinar sérstakar fyrirskipanir um að skera steinana af netum þessum, en samkvæmt framburði vitnis þessa hefir vitnið álitíð, að ákærður Hannes hafi látið skipta um steina á netunum og leggja þau með sínum netum, og hefir borið, að ákærður hafi látið á sér heyra, að hann ætlaði að halda netum þessum framvegis og skila þeim ekki, og að hann hafi haft orð á því, að net þessi hafi hvort eð var verið töpuð eiganda þeirra. Vitni þetta fór héðan frá Vestmannaeyjum strax, er það hafði verið yfirheyrt í máli þessu, og varð það því eigi samprófað við ákærðan né látið staðfesta framburð sinn með eiði.

Vitnið Freymundur Fannberg Jóhannsson, sem einnig var háseti á umræddum vélbát ákærðs, hefir borið, að hann hafi ekki heyrt ákærðan Hannes Hansson gefa neinar fyrirskipanir um að skipta um steina á netum þessum eða taka þau til notkunar, og kveðst ekki hafa heyrt hann tala neitt um net þessi við ákærðan Ögmund Friðrik né aðra, hvorki er netin voru tekin til notkunar né síðar, en ákærður Ögmundur Friðrik hafi kallað á hann og aðra háseta á bátunum til þess að greiða net þessi og skipta um steina á þeim eftir að þau höfðu verið dregin um borð í bátinn, en vitnið

kveðst hafa talið vist, að þetta væri eftir skipun ákærðs Hannesar.

Vitnið Anton Júlíus Guðjónsson hefir og borið, að hann muni ekki eftir að hafa heyrt ákærðan Hannes Hansson gefa neinar fyrirskipanir um að skipta um steina á þessum netum eða taka þau í notkun, né muna eftir, hver skipaði fyrir um það, en ákærður Ögmundur Friðrik hafi unnið að því, ásamt öðrum hásetum á bátnum, að greiða netin og skipta um steina á þeim, og kveðst vitnið hafa talið vist, að þetta væri eftir fyrirlagi ákærðs Hannesar Hanssonar.

Vitnið Kristinn Júlíus Jóhannsson hefir og borið. að hann muni ekki eftir að hafa heyrt ákærðan Hannes Hansson gefa neinar fyrirskipanir um að skipta um steina á netum þessum eða taka þau í notkun, en kveðst hafa álitit, að hann stjórnaði þessu í raun og veru.

Vitnið Óskar Jónsson, sem var háseti á v/b Vin á umræddum tíma, hefir borið, að hann hafi ekki vitað um, að umrædd net frá v/b Von voru tekin til notkunar á v/b Vin né um neitt í sambandi við það.

Einar Kjartan Trausti Hannesson, sonur ákærðs, sem var háseti á v/b Vin á umræddum tíma, hefir borið, að hann hafi vitað um, að umrædd net voru dregin um borð í v/b Vin, en hann kveðst ekki hafa heyrt ákærðu tala neitt um net þessi, hvorki saman né hvorn fyrir sig, við aðra.

Með því, sem þannig er upplýst í málinu, verður eigi talið sannað, að það hafi verið eftir fyrirlagi ákærðs Hannesar Hanssonar, né með hans vitund, að skipt var um steina á netum þessum eða að þau voru upphaflega tekin í notkun.

Að því er snertir framangreind net frá v/b Geir goða, þá er það upplýst með framburði skipstjórans á þeim bát, Óskars Gíslasonar, að bátur þessi tapaði 5 nýjum þorskanetum þann 18. apríl f. á., en vitni þetta kveður engin önnur net hafa tapazt frá þeim bát á þeirri vertíð, og hafi net þessi tapazt úr trossu, sem byrjað var að draga, vegna þess að skipshöfnin á öðrum vélbát hafi skorið trossuna sundur vegna þess að hún lá yfir netum þess báts, og hafi einnig komið í ljós, að trossan hafi verið skotin í sundur á öðrum stað nær þeim enda, sem ekki var byrjað að draga. Það verður því að telja, að net þau, sem töpuðust frá nefndum bát á þennan hátt fyrrnefndan dag, hafi verið sömu

netin og framangreind net, sem dregin voru um borð í v/b Vin, merkt þeim bát.

Ákærður Ögmundur Friðrik hefir eindregið haldið því fram, að ákærður Hannes hafi ekki verið um borð í v/b Vin, er umrædd net frá v/b Geir goða voru dregin um borð í v/b Vin, og hafi hann þá verið í landi vegna veikinda. Hann hefir og eindregið haldið því fram, að hann hafi aldrei sagt ákærða Hannesi frá netum þessum, og þeir hafi aldrei átt neitt tal um þetta saman.

Fyrrnefndur Einar Kjartan Trausti Hannesson hefir og borið, að ákærður Hannes hafi ekki verið um borð í v/b Vin, er net þessi voru dregin um borð í bátinn.

Vitnið Anton J. Guðjónsson var ekki á v/b Vin á þeim tíma, sem upplýst er, að net þessi voru dregin um borð í þann bát, og gat ekkert um þetta borið.

Vitnið Óskar Jónsson hefir borið, að ákærður hafi ekki verið um borð í v/b Vin, er net þessi voru dregin um borð í þann bát.

Vitnið Stefán Þorbjörnsson hefir borið, að ákærður Hannes Hansson hafi dregið eða látið draga net þessi um borð í v/b Vin, og látið skipta um steina á þeim og notað þau því næst með sínum eigin netum til fiskveiða, en vitni þetta hefir, eins og að framan greinir, ekki verið yfirheyrð eftir að ákærðir voru yfirheyrðir í málinu né samprófað við þá vegna þess, að ekki náðist til vitnisins til þess.

Vitnið Freymundur Fannberg Jóhannsson hefir borið, að hann minni eindregið, að ákærður Hannes Hansson hafi verið með í öllum fiskiróðrum, sem v/b Vinur fór í á umræddri vertíð, þar á meðal þeim róðri, er umrædd net voru dregin um borð í v/b Vin, án þess þó hann myndi sérstaklega eftir því, að ákærður væri með í þeim róðri, en hann kveðst þó ekki geta alveg fullyrt, að ákærður hafi verið með í öllum róðrum á vertíð þessari, og hann kveðst ekki muna eftir að hafa heyrt ákærðan H. H. gefa neinar fyrirskipanir um að taka net þessi í notkun, né tala neitt um þau, né að hann ynni neitt að því að greiða net þessi né skipta um steina á þeim, er þau voru tekin í notkun, eftir að þau voru dregin um borð í v/b Vin.

Vitnið Kristinn Júlíus Jóhannsson bar, er hann var upphaflega yfirheyrður í máli þessu, að ákærður Hannes Hans-

son hafi verið með í róðri þeim, er net þessi voru dregin um borð í v/b Vin, og kveðst muna sérstaklega eftir því, en er vitni þetta var samprófað við ákærðan, bar það, að sig minnti eindregið, að ákærður hafi verið með í róðri þessum, en kveðst ekki geta alveg fullyrt það, þannig að hann treysti sér til þess að staðfesta slíkan framburð með eiði sínum, og kveðst ekki vita um, hvort ákærður H. H. skipaði nokkuð fyrir um, að net þessi skyldu tekin í notkun.

Ákærður H. H. hefir borið, að héraðslæknirinn, Ólafur Ó. Lárusson, hafi komið til hans dag þann, er hann (ákærður) hafi verið þannig í landi vegna veikinda, og sem hann telur hafa verið sama daginn og netin frá v/b Geir goða voru dregin um borð í bát hans, og hefir verið leitað upplýsinga hjá héraðslækninum viðvíkjandi þessu, og hefir verið lagt fram í málinu vottorð frá honum viðvíkjandi þessu. Hann (héraðslæknirinn) kveðst ekki hafa fært sjúkravitjun þessa í dagbók sína, og því ekki geta borið um, hvaða dag það var, en kveður það hafa verið í aprilmánuði f. á., og hafi ákærður þá legið rúmfastur, og einnig hefir verið lagður fram í málinu reikningur frá héraðslækninum til ákærðs fyrir læknishjálp, veitta ákærðum, og er reikningur þessi dagsettur þann 19. apríl f. á., og gerir læknir ráð fyrir, að reikningur þessi hafi verið ritaður og dagsettur sama daginn og læknishjálpin var veitt, þar eð læknishjálpin var ekki færð í dagbók, en samkvæmt framangreindum framburði Óskars Gíslasonar er líklegt, að netin frá v/b Geir goða hafi einmitt verið dregin um borð í v/b Vin nefndan dag (þ. e. 19. apríl). Þar eð þannig er sannað með vottorði héraðslæknisins, að ákærður lá rúmfastur, er læknirinn vitjaði hans, virðist varla geta verið, að ákærður hafi farið í fiskróður þann dag, og styður þetta framburð ákærðs o. fl. um, að ákærður hafi ekki verið um borð í v/b Vin, er netin frá v/b Geir goða voru dregin um borð í v/b Vin, og eftir því, sem upplýst er í málinu, þykir verða að leggja til grundvallar framburð ákærðs o. fl. um, að hann hafi ekki verið um borð í v/b Vin við umrætt tækifæri.

Við rannsókn máls þessa upplýstist, að eftir að ákærður hafði keypt v/b Vin (sem áður hét Undina), en hann keypti bát þennan af útibúi Útvegsbanka Íslands h/f hér í bænum vorið 1931, var tekið til notkunar á bát þessum segl (framsegl), sem áður hafði fylgt öðrum vélbát, en sem var

geymt í fiskhúsi, sem ákærður keypti á sama tíma og bát þennan.

Ákærður kveðst hafa keypt vélbát þennan og fiskhús af Útvegsbankanum samkv. samningi dags. þann 29. maí 1931, en þá hafði verið ákveðið, að bankinn keypti eignir þessar af þrotabúi Soffíu Þórðardóttur, kaupkonu hér í bænum, í júnímánuði s. á., og hafi segl þetta þá verið í fiskhúsinu, ásamt öðru segli, sem hafi verið lélegt og sem hann hafi tekið til notkunar í sambandi við fiskverkun sem fisk-ábreiðu.

Segl það, sem ákærður tók þannig til notkunar sem fram-segl á v/b Vin, var of lítið sem framsegl á þann bát, og var því aukið við það, bæði lengd þess og breidd, og samkvæmt framburði manns þess, sem jók við seglið, var það stærra en svo, að það gæti hafa verið aftursegl á v/b Vin, en aftursegl fylgdi bát þessum þá ekki, en samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, verður að telja líklegt, að segl það, sem ákærður tók til notkunar sem fiskábreiðu, hafi verið notað sem aftursegl á v/b Vin.

Ákærður hefir jатаð, að sýnilegt hafi verið, að segl þetta hafi ekki verið notað áður á v/b Vin, og að það muni áður hafa fylgt v/b Stakk, sem framangreint þrotabú átti einnig, og hefir hann og kannast við, að honum hafi verið kunnugt um, að þrotabú þetta hafði átt v/b Stakk, sem var minni en v/b Vinur, og að framangreint fiskhús, sem seglið var í, hafi einnig verið notað í sambandi við útgerð þess báts. En v/b Stakkur var vorið 1931 lagður útibúi Landsbanka Íslands á Selfossi út til eignar sem ófullnægðum vaðhafa, og var báturinn því næst sendur til Reykjavíkur, og samkvæmt framburði Sigurðar Ásgeirs Gunnarssonar kaupmanns, sem mætti fyrir bankans hönd á uppboði því, sem haldið var á bátnum, vantaði segl á bátinn, er hann var sendur til Reykjavíkur, og fékkst ekkert segl með honum, en vitni þetta kveðst ekki muna sérstaklega eftir, að hann hafi spurt ákærðan um segl þetta eða hvort það væri í framangreindu fiskhúsi, en gerir ráð fyrir, að svo hafi verið. Vitnið kveðst hafa tilkynnt bankanum, að seglið vantaði, en bankinn hafi ekki gert neinar sérstakar kröfur út af því, og hafi vitnið því ekki aðhafzt neitt frekar út af þessu.

Ákærður hefir jатаð, að Sigurður Á. Gunnarsson hafi átt tal við hann viðvíkjandi segli þessu eftir að seglið hafði

verið sett á v/b Vin, og haldið fram, að það væri „seglið af v/b Stakk“, en heldur fram, að S. Á. G. hafi ekki, né neinn annar, gert neina kröfu til segls þessa. Þá hefir ákærður og haldið því fram, að hann hafi upphaflega álitit, að segl þetta fylgdi v/b Vin í kaupunum, eða að honum mundi heimilt að nota það á þeim bát, og heldur fram í því sambandi, að er uppboð var haldið í framangreindu fiskhúsi og selt ýmislegt lausafé, tilheyrandi framangreindu þrotabúi, vorið 1931, hafi hann spurt uppboðshaldarann, hvort ætti að selja umrætt segl á því uppboði, og hafi uppboðshaldari sagt, að það yrði ekki gert, því seglið „fylgdi bátnum“. Þá hefir hann og haldið því fram, að hann minni, að hann hafi, áður en hann tók segl þetta í notkun, spurt framkvæmdarstjóra framannefnds bankaútibús um, hvort hann mundi mega nota umrætt segl á v/b Vin, og að bankastjórinn hafi álitit, að það mundi mega, án þess þó að athuga seglið nokkuð, en ákærður hefir þó ekki fullyrt neitt um þetta.

Samkvæmt upplýsingum, sem fengnar hafa verið frá framangreindum uppboðshaldara, og um getur í prófum málsins, kveðst hann ekki muna eftir slíku samtali við ákærðan, en kveðst muna eftir segli, sem verið hafi í framangreindu fiskhúsi, er framangreint uppboð fór fram, og sem lagt hafi verið fyrir hann að selja ekki vegna þess að það fylgdi v/b Stakk. Framangreindur bankastjóri, Haraldur Viggó Björnsson, hefir borið, að hann muni alls ekki eftir, að ákærður hafi talað við hann um umrætt segl, og fullyrðir, að hann hafi ekki leyft ákærðum að nota segl þetta á v/b Vin, og kveðst ekki hefði gert slíkt, nema því aðeins, að hann hefði fullvissað sig um, að seglið hefði í raun og veru fylgt þeim bát og væri eign bankans, en hann kveðst aldrei hafa komið í framangreint fiskhús eða athugað, hvort eða hvaða segl fylgdi bátnum, kveðst hafa gert ráð fyrir, að segl fylgdu bátnum, en kveðst hinsvegar aðeins hafa selt ákærðum bátinn í því ástandi og ásamt því, sem fylgdi honum, er bankinn keypti hann eða fékk hann útlagðan til eignar úr þrotabúi frú Soffiu Þórðardóttur.

Ákærður hélt upphaflega fram við rannsókn málsins, að umrætt segl hafi ekki verið borið við bátinn né aukið við það fyrr en í októbermánuði 1931, en með vitnaframburði manns þess, Guðmundar Gunnarssonar seglasaumara, sem jók við seglið, og sem ákærður hefir viðurkennt rétt-

an, er það upplýst, að hann (vitnið) vann að því dagana frá 26. júní til 11. júlí 1931 að auka við seglið, og hefir vitnið borið þetta samkvæmt vinnubókum sínum.

Ákærður kveðst þá hafa legið á sjúkrahúsi hér í bæn-um vegna fótbrots, og er upplýst í málinu, að ákærður lá þannig á sjúkrahúsi frá 3. júní til 28. júlí 1931. Og heldur ákærður fram, að hann muni ekki eftir að hafa sjálfur beðið Guðmund Gunnarsson um að auka við seglið né að hafa beðið aðra um að láta gera það, en kveður vel mega vera, að einhver hafi í samráði við hann beðið Guðmund um að auka við seglið, og kveður varla geta verið um aðra að ræða í því sambandi en syni hans, ákærðan Ögmund eða Einar. Vitnið Guðmundur Gunnarsson man ekki, hver það hann um að auka við seglið, en hefir borið, að hann hafi tekið við seglinu í framangreindu fiskhúsi, og að tveir synir ákærða hafi þá verið þar viðstaddir, en man ekki, hverir, en samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, virðist ekki geta hafa verið um aðra syni hans að ræða en Ögmund og Einar, en Einar hefir borið, að hann muni ekki eftir neinu viðvikjandi þessu, en ákærður Ögmundur Friðrik hefir borið, að Guðmundur Gunnarsson hafi tekið við seglinu í framangreindu fiskhúsi að honum (ákærðum) viðstöddum, en kveðst ekki muna sérstaklega eftir að hafa sérstaklega afhent Guðmundi seglið né beðið hann um að auka við það (né vita um, að annar hafi beðið hann um það), en gerir ráð fyrir, að hann sjálfur eða einhver, sem vann hjá föður hans, muni hafa beðið Guðmund um að auka við seglið.

Vitnið Guðmundur Gunnarsson hefir, auk þess sem að framan greinir, borið, að hann hafi eftir að hann fékk umrætt segl afhent til viðgerðar, farið til ákærðs, þar sem hann lá á sjúkrahúsinu, og talað við hann vegna viðgerðar þessarar, og sagt honum, að það þyrfti að auka við seglið til þess, að það yrði nothæft á v/b Vin, og hafi ákærður sagt honum, hvar hann skyldi taka út efni til viðgerðar og aukningar seglsins, en ákærður hafi annars lítið um þetta talað, þar eð hann hafi verið mikið veikur, og man vitnið ekki, hvort nokkuð kom fram í því samtali um, hvort ákærður hafi áður vitað, að þurfti að auka við seglið.

Ákærður hefir borið, að hann muni ekki eftir þessu samtali við vitnið, en kveðst ekki véfengja framburð vitnis-ins um þetta.

Frekar upplýsingar en að framan greinir hafa ekki fengizt í málinu viðvikjandi því, hver átti upphaflega frumkvæðið að því, að aukið var við umrætt segl til þess að nota það á v/b Vin.

Ákærður Ögmundur Friðrik Hannesson hefir að áliti réttarins með framangreindu framferði sínu viðvikjandi framangreindum netum frá v/b Von og v/b Geir goða brotið gegn 250. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, þar á meðal með framangreindum játningum ákærðs Hannesar Hanssonar, hefir hann að áliti réttarins brotið gegn sömu lagagrein með framferði sínu viðvikjandi netum þessum.

Að því er snertir framangreint segl, þá benda allar líkur til þess, að ákærður Hannes Hansson hafi sjálfur tekið hina upphaflegu ákvörðun um, að við það skyldi aukið til þess að taka það til notkunar á v/b Vin, enda voru framangreindir synir hans, sem þá unnu hjá honum, mjög ungir menn (þ. e. annar innan við tvítugt og hinn um tvítugt), og þar eð verður að telja nægjanlega sannað, enda viðurkennt af ákærðum, að segl þetta hafi ekki fylgt eða átt að fylgja v/b Vin, þá verður að áliti réttarins að telja, að þó svo kynni að vera, að ákærður hafi ekki upphaflega stjórnað því, að aukið var við umrætt segl og ráðstafanir gerðar til þess að taka það til notkunar á v/b Vin, þá hafi hann með því, sem upplýst er, þar á meðal með eigin játningu hans um framferði hans viðvikjandi framangreindu segli, brotið gegn 250 gr. hinna almennu hegningarlaga.

Ákærður Hannes Hansson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur þann 5. nóvember 1891. Hann sat í gæzlugarðhaldi frá 23. maí til 6. júní f. á. Hann var þann 2. nóv. 1932 sektaður um 75 krónur í lögreglurétti Vestmannaeyja fyrir ölvun og óspektir á almannafæri, og þann 24. desember s. á. var hann í sama rétti sektaður um 100 krónur fyrir samskonar brot og þann 21. marz 1933 var hann sektaður í sama rétti um 25 krónur fyrir brot gegn fiskveiðasamþykkt Vestmannaeyja, en hefir annars ekki sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Refsing sú, er hann hefir unnið til með framangreindu framferði sínu, þykir eftir atvikum og með hliðsjón af 63. gr. hinna almennu hegningarlaga hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærður Ögmundur Friðrik Hannesson er kominn yfir

lögaldur sakamanna, fæddur þann 16. marz 1911. Hann var þann 24. desember 1932 sektaður um 75 krónur í lögreglu-rétti Vestmannaeyja fyrir ölvun og óspektir á almannafæri, en hefir annars ekki sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot. Refsing sú, sem hann hefir unnið til með framangreindu framferði sínu, þykir eftir atvikum og með hliðsjón af 63. gr. hinna almennu hegningarlaga hæfilega ákveðin 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en með tilliti til ungs aldurs ákærðs, sem ekki hefir áður sætt refsingu fyrir brot gegn hinum almennu hegningarlögum eða viðauka við þau, þykir mega ákveða að framkvæmd refsingarinnar skuli fresta og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 frá 10. nóvember 1907 eru haldin.

Framanfeindur Vigfús Jónsson hefir krafizt þess, að ákærður Hannes Hansson verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 250.00 í skaðabætur fyrir framangreind net, og hefir ákærður engum andmælum hreyft við þeirri kröfu, en hefir lýst því yfir, að hann hefði ekkert við hana að athuga, og ber því þegar af þeirri ástæðu að taka skaðabóta-kröfu þessa til greina að öllu leyti, þó skipaður talsmaður ákærðs hafi síðar andmælt kröfu þessari.

Þá ber að dæma ákærðan Hannes Hansson til þess að greiða málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hans í málinu, B. P. Kalmans hrm., er þykja hæfilega ákveðin kr. 120.00, og til að greiða kostnað við gæzluvarðhald sitt. Allan annan kostnað sakarinnar ber að dæma hina ákærðu báða til að greiða in solidum.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Hannes Hansson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga.

Ákærður Ögmundur Friðrik Hannesson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga, en framkvæmd refsingar hans skal fresta og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 frá 16. nóvember 1907 eru haldin.

Ákærður Hannes Hansson greiði Vigfúsi Jónssyni kr. 250.00 í skaðabætur innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði og skipuðum tals-

manni sínum í málinu, Birni P. Kalman hrm., kr. 120.00 í málsvarnarlaun, svo og gæzluvarðshaldskostnað sinn. Allan annan kostnað sakarinnar greiði hinir ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 14. febrúar 1938.

Nr. 46/1937. **Guðmundur Jónasson** (Sjálfur)

gegn

**fjármálaráðherra Íslands f. h. ríkis-
sjóðs og Birni Þórðarson lögmanni.**

(Enginn).

Frávisun. Áfrýjunarfrestur liðinn.

Varadómari prófessor Ísleifur Árnason í for-
föllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta var þingfest í hæstarétti 29. október 1937, og var þá mætt í því af hálfu beggja aðilja. Síðan hefir málinu verið frestað 3 sinnum eftir ósk aðilja. Við fyrirtekt málsins 11. þ. m. var ekki mætt af hálfu hinna stefndu, og hefir málið því verið rek-
ið skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Hinn áfrýjaði dómur er kveðinn upp í gestarétti Reykjavíkur 6. janúar 1937. Áfrýjunarstefna í mál-
inu er útgefin 12. maí 1937. Þar eð málskotsfrestur var þá liðinn, sbr. 197. og 222. gr., e-lið, laga nr. 85/1936, og áfrýjandi hefir ekki aflað áfrýjunarleyfis, þá verður ex officio að vísa málinu frá hæstarétti.

Þar eð stefndu mættu ekki í málinu, eins fyrr segir, fellur málskostnaður fyrir hæstarétti niður.